Ég vil fara upp í sveit

Texti: Jón Sigurðsson

Lag: Carasella

Ég vil fara upp í sveit
þar í sumar vil ég vinna
veit ég þar er margt að finna

Ég vil reyna eitthvað nýtt
því ég veit að allir elska kaupakonur
og í jeppa
oft mun skreppa
ýmislegt mun gerast þar um sumarkvöldin

Þó með einum
oft í leynum
ein ég fari það mig skaðað getur ekki neitt

Og mig dreymir oft um það
sem þar gerist þegar sólin
rennur síðla bak við fjöllin
því að sveitin er engri lík.

Um ljósa nótt við leiðumst okkar veg
við lækinn bak við ásinn þú og ég
og hvað þar verður hvíslað veit ei neinn
Nema læku-u-u-rinn einn
hann hlusta-a-a-ar einn

Ég vil fara upp í sveit
þar í sumar vil ég vinna
veit ég þar er margt að finna

Ég vil reyna eitthvað nýtt
því ég veit að allir elska kaupakonur
og í jeppa oft mun skreppa
ýmislegt mun gerast þar um sumarkvöldin

Þó með einum
oft í leynum
ein ég fari það mig skaðað getur ekki neitt

Og mig dreymir oft um það
sem þar gerist þegar sólin
rennur síðla bak við fjöllin

því að sveitin er engu öðru lík.

Upp til hei-eiða-a - inn til da-ala
liggja okkar tveggja spor.

Höfundaskráning: https://static-media.guitarparty.com/pdf_songbooks/guitarparty-a4pg-40099-43281-124.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.